

Í skjóli lífsins.
1987. 180x200 sm.



VINNAN ER SVO FRJÓSÖM

Myndir Sigurðar Þóris eru stórar, þá er ekki bara verið að mæla þær með málbandi eða tommustokk. Hann málar fólk. Manneskjur í nærmynd. Og þessar manneskjur standa svo sannarlega nálægt þér þaðan sem þér

blasa við þér, af veggnum. Líka þó stundum standi þær eins og í draumi.

Þar má sjá konuna sem á ekkert nema stólinn... og faðmlegt að degi til sem eins gæti verið nótt... tvær uppstilltar manneskjur, líklega á vormorgni; önnur einaröleg, hina dreymir, önnur heldur á, hin er í faðmi.

Seglskúta og maður sem lítur til himins... fjöluþlár veggur... von í augum... hann leitar, hún hikar...

Þar má sjá...

Við keyrum í bíl og Esjan ris meira en hvít uppúr djúpbláum sjó. Sólin skín á sunnudegi og fjarlægðin er gulllituð.

— Það vantar ekki fegurðina, segir hann.

— Svo sannarlega ekki, segi ég.

Gatan er „strandvejen“ þangað til komið er að flöngum lágreistum pakkhúsum, og inni hverfi slíkra húsa þarsem hurðirnar eru blískúrshurðir og grýlukertin glær og mikið stærri en heima, keyrum við og stoppum.

— Hér var einu sinni næturklúbbur, segir hann, áður fiskverkunarhús. Ég er í gamla aðgerðarsalnum.

— Aðgerðarsalnum?

Framhá stöflum af kökkenrúllum, upp

mjóan stiga, komum við inni vinnustofu Sigurðar Þóris myndlistarmanns.

— Hvaðan ertu?

— Ég er Reykvíkingur í húð og hár og alinn þar upp. Að vísu var ég alltaf í sveit á sumrin og kynntist eiginlega tveimur heimum, bænum og sveitinni. Ég náði í skottið á því að sitja á gamalli rakstrarvél með hesti fyrir.

Ég var alltaf teiknandi sem strákur og unglingur sá ég Kjarvalssýningu sem verk aði mjög sterkt á mig. En það tók mig nokkur ár að safna kjarki til að þora að fara inni Myndlista- og handíðaskólann. Ég hélt hann væri yfirfullur af snillingum. Ég byrjaði þar tvítugur.

Ég var í skólanum í tvo vetur, kenndi í Þorlákshöfn aðra tvo, fór þá til Kaupmannahafnar og var þar í listaakademíunni í rúm fjögur ár.

Fyrsta veturinn þar stóð ég og teiknaði mólur frá níu til fimm. Það var rosalega góður skóli fyrir mig. Bara mólur og aftur mólur. Síðan var ég í grafík. En allan tímann þarna úti var ég líka með vinnustofu með Ameríkana og þar málaði ég. Í skólanum málaði ég aldrei neitt.

Rætt við SIGURÐ
ÞÓRI myndlistarmann,
sem opnar í dag stóra
einkasýningu á
Kjarvalsstöðum

eftir KRISTÍNU
ÓMARSÐÓTTUR



Sigurður Þóris í vinnustofu sinni við Kleppsmýrarveg.